

**Íslensk grafík**

# Hyggst reisa grafíkverkstæði

Stór yfirlitssýning á íslenskri grafík að Kjarvalsstöðum

Eins og fram hefur komið hér í blaðinu stendur nú yfir mikil grafík-sýning að Kjarvalsstöðum og er hún að sjálfsögðu liður í Listahátíð. Þar gefur að líta rjómann af því sem íslenskir listamenn hafa gert í grafík frá upphafi vega.

Það er félagið Íslensk grafík sem stendur fyrir þessari sýningu og í formála sýningar-skrár segir formaður félagsins m.a.: „...hefur komið í ljós að ótrúlega margir hafa fengist við grafík fyrr á árum, en í misríkum mæli. Í mörgum tilfellum hefur hún verið forvitnileg tilraun og síðan ekki söguna meir.“ Af eldri listamönnum sem myndir eiga á sýningunni má nefna Þorvald Skúlason, Guðmund frá Miðdal, Mugg, Ninu Tryggvadóttur, Eirík Smith, Eggert Guðmundsson, Gunnlaug Scheving, Leif Kaldal, Jón Engilberts, Eggert Laxdal, Kjarval og Barböru Arnason.

Grafíklíamenn hafa yfirleitt ekki verið mjög aðsópsmiklir í íslenskum myndlistarheimi. Um það segir í áður tilvitnuðum formála: „Ein ástæða fyrir því að grafíklíamenn náði ekki útbreiðslu og fótfestu meðal listamanna er sjálfsagt aðstöðuleysi, en eins og kunnugt er þarf ýmsan dýran tækjakost og jafnvel sérhúsnæði til að geta fengist við grafík. Aðrar ástæður, sem hér má tilgreina, eru að fáir öfluðu sér sérmenntunar á þessu sviði, samfara litlum áhuga almennings á grafískum verkum.“

Tvær síðarnefndu ástæðurnar standast vart lengur. Upp er risin heil kynslóð grafíklíam-


anna sem sést af því að nú eru félagar í Íslenskri grafík að nálgast 30. Kennsla er hafin í grafík við Myndlista- og handiðaskólann og loks hefur áhugi almennings á grafík stórkæmt, „þannig að nú eru flest þau hjól farin að snúast sem þarf til að skapa grósku í grafíklist,“ segir Jón Reykdal.

En það vantar húsnæði og aðstöðu. Grafíklíamenn skýrði blaðamönnum frá því á fundi á fimmtudaginn að nemendur í grafíklist hefðu ágæta aðstöðu í MHI, en eftir að námi lýkur heyrir sú dýrd sögunni til. Kváðust þau þess fullviss að margir eldri listamenn hafi hætt við grafík af þessari ástæðu einni.


Þessu hyggst Íslensk grafík breyta og hefur það raunar lengi verið á stefnuskrá félagsins að koma upp góðu grafíkverkstæði þar sem eru nauðsynleg tæki fyrir málmætingu, litógrafíu, silkiþrykk o.fl. Slíkt verkstæði er meira fyrirtæki en svo að venjulegir blankir listamenn komi því upp í fristundum sínum. Það þarf að verða sameign grafíklíamanna þar sem þeir geta komið og stundað sína list auk þess sem það yrði opið áhugafólki.

Grafíklíamenn ákallast ríkisvaldið um aðstöðu, en meðan beðið er eftir henni hyggst það hefja starfið sjálf. Ef einhver ágóði verður af sýningunni að Kjarvalsstöðum verður honum varið í þetta verkefni. Þetta er sölu-sýning og eru sumar myndir eldri manna og flestar eftir þá yngri falár.

Auk þess er sýningar-skrá til



Stóru myndirnar tvær til hægri eru eftir þann fræga Erró, en eigandi þeirra er Matthias Johannessen Moggariustjóri. Hvað er kinverski alþýðuherrinn að gera á tröppum bandaríska þinghússins? (myndir EIK).



Stjórn félagsins Íslensk grafík, frá vinstri: Jón Reykdal, Richard Valdingoer Jóhannsson, Jóhanna Bogadóttir, Valgerður Bergs, Þórður Hall, Ingunn Eydal og Lisa Guðjónsdóttir.

sölu, efnt er til happdrættis þar sem tíu grafíkmyndir eru vinningar. Loks verður gefin út

grafíkmappa með 5-6 myndum og gefst þeim sýningargestum sem áhuga hafa á að kaupa

hana kostur á að gerast áskrifendur að henni.

—Þ.H.

## ÞAÐ ER SÉRSTÖK KÚNST AÐ SJÁ UM SKÓLABÓKASÖFN

Námskeið er nú í gangi og ráðstefna verður um helgina

Félag skólasafnvarða hefur síðustu dagana gengist fyrir námskeiði þar sem fjallað er um skólabókasöfn, uppbyggingu þeirra og nauðsynlega hluti sem þar þurfa að vera. Aðalfyrirlesari námskeiðsins er daninn Kurt Hartvig Petersen, sem er námskeiðsstjóri í skólasafnsfræðum við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn. Danir eiga ein fullkomnustu skólasöfn í heimi og hefur uppbygging þeirra þótt til mikillar fyrirmyndar.

Lítið gagn er talið af því fyrir skólasafnvörð að hafa lært bóka-

safnsfræði, sem er allt annar handleggur á safnmálum og tengist skólasöfnum nánast ekki neitt. Talið er best að safnverðir séu kennaramenntaðir og jafnframt starfandi kennarar þannig að þeir viti sem gerst hvaða gögn og vinnuáferðir börnin kjósa sér helst.

Auk fjölmargra hjálpartækja við kennslu er talið nauðsynlegt að hafa á skólasöfnum allar tegundir nýsigagna, s.s. bækur, hljómplötur, segulbönd, glærur, litskuggamyndir o.fl. Lögð er áhersla á að söfnin virki sem

vinnustaður nemenda, og gert er ráð fyrir því að þeir fái leiðbeiningar safnvarða um hvernig unnt sé að vinna eftir þeim gögnum sem liggja fyrir.

A laugardaginn verður haldin ráðstefna opin almenningi um skólasöfn og verður Kurt Hartvig Petersen aðalræðumaður. Eru skólalimur hvattir til að fjölmenna, en ráðstefnan er haldin á vegum skólasafnvarða og sambands barnakennara.

Þrjátíu þátttakendur voru hins vegar á vikulöngu námskeiði sem haldið var fyrir skólasafnverði og



urðu margir frá að hverfa. Kom fólk víða að af landinu og er greinilega sýðaxandi áhugi fyrir þessum þætti skólamála.

—gsp

## Sveit Stefáns sigraði

Íslandsmót í bridge 1976 var haldið dagana 4. til 7. júní. Úrslit urðu:

1. sæti sveit Stefáns Guðjohnsens með 97 stig. 1 sveit Stefáns voru auk hans, þeir Þórarinn Sigþórsson, Hörður Arnþórsson, Simon Simonarson og Hallur Simonarson.
2. varð sveit Jóns Baldurssonar (unglingalandsliðið) 86 stig.
3. sveit Hjalta Eliassonar, 82 stig.
4. sveit Jóhanns Þ. Jónssonar, 72 stig.
5. sveit Böðvars Guðmundssonar, 70 stig.
6. sveit Ólafs H. Ólafssonar, 67 stig.
7. sveit Ólafs Gíslasonar, 43 stig.
8. sveit Boggu Steins (npc), 41 stig.

## Kópaskinnið komið í um

13 þús. kr.

alls munu fást hér á landi um 7000 selskinn, þar af um 6000 vorkópaskinn

Þeir bændur sem njóta þeirra hlunninda að hafa aðvarp í landinu sínu eða selveidi við landið eru greinilega vel settir. Annarsstaðar í blaðinu er sagt frá hinu háa verði á aðardúni, en verð á kópaskinnnum er einnig mjög hátt. Að sögn Agnars Tryggvasonar hjá búvörudeild SIS var verðið á 1. flokks vorkópaskinni í fyrra 10.200 kr. til bændu og hann bjóst við að verðið færi upp í um 13.000 krónur í ár. Verð á 2. fl. skinni var í fyrra 7200 kr. og

hækkar það samsvarandi.

Agnar taldi að alls veiddust hér við land um 7000 selir, þar af 6000 vorkópar, enda er verðið á skinnnum þeirra langhæst. Verð fyrir velverkað skinn af fullorðnum sel er ekki nema á milli tvö og þrjú þúsund krónur, sé það vel verkað.

Fyrir tveimur árum var verð á 1 fl. vorkópaskinni rúmar 7 þúsund krónur og í fyrra rúmar 10

þúsund kr. eins og áður sagði. Inn í þessa hækkun kemur, auk hækkunar á skinnnum á heimsmarkaði, hækkun á erlendum gjaldeyri, en öll kópaskinnin eru flutt út.

Vorkópaveiðinni er nú um það bil að ljúka, en skinnin koma ekki til sölu fyrr en í lok mánaðarins. enda eru þau hert og þurrkuð af þeim sem kópana veiðir.

—S.dór.

## Jón Sólnes hættir

Jóni G. Sólnes, útibússtjóra Landsbankans á Akureyri, hefur verið veitt lausn frá því starfi og virðist hann nú ætla að helga starfskrafta sína alþingi og Kröflunefnd. Í frétt frá Landsbankanum segir: „Bankaráð Landsbankans hefur á fundi sínum 9. þ.m. fallist á beiðni Jóns G. Sólnes um að veita honum lausn frá störfum sem útibússtjóra Landsbanka Íslands á Akureyri

frá og með 1. júlí n.k. Jón G. Sólnes hefur verið starfsmaður Landsbankans í fimmtíu ár og útibússtjóri síðan 1961. Jón hefur haft leyfi frá störfum frá 1. febrúar 1975, vegna setu sinnar á Alþingi. Magnús Gíslason, skrifstofustjóri, mun gegna störfum útibússtjóra á Akureyri eins og að undanförunni, þar til útibússtjóri hefur verið ráðinn.“